

## INNTRITUN - LEIÐBEININGAR

### *Er barnið að hefja nám í 1. bekk?*

Notið þjónustuna **Innritun í 1. bekk í grunnskóla** á Ísland.is.



### *Er barnið þegar í grunnskóla?*

Ef óskað er eftir skólaskiptum eða skólavist í Grunnskólanum í Hveragerði er notuð þjónustan **Sækja um nýjan grunnskóla** á Ísland.is.

1. **Farðu inn á Ísland.is** og veldu umsókn um grunnskóla.
2. **Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum.**
3. **Veldu barnið** sem umsóknin á við.
4. **Yfirfarðu upplýsingar** um barnið og forsjáraðila.
5. **Veldu Grunnskólann í Hveragerði** sem þann skóla sem óskað er eftir.
6. **Skráðu viðeigandi upplýsingar** um tungumál, stuðningsþörf og annað sem mikilvægt er að skólinn viti.
7. **Yfirfarðu umsóknina og sendu hana inn.**

Foreldrar og forráðamenn geta fylgst með stöðu umsóknarinnar á **Mínum síðum** á Ísland.is undir **Mínar umsóknir**.

Þegar umsókn hefur verið afgreidd berst staðfesting rafrænt í pósthólf umsækjanda á Ísland.is.

Ef spurningar vakna varðandi skólavist eða umsóknarferlið er velkomið að hafa samband við Grunnskólann í Hveragerði.